

„Ást á tímum krabbans“

Kona fer til læknis

Ray Kluun

Skáldsaga

Bjartur, 2008. 373 bls.

Kona fer til læknis er fyrsta bók Ray Kluun og kom út í Hollandi 2003. Hjónin Carmen og Stijn eru hamingjusamasta par sem til er; ung, gröð og rík en heimur þeirra hrynur þegar hún greinist með ólæknandi krabbamein. Við tekur löng þrautaganga, Carmen veslast upp en Stijn er ekki tilbúinn til að láta af fyrri líferni sínu, föstudagsdjammi og framhjáaldi. Hann er haldinn „mónófóbú“, sjúklegrri þörf til að halda framhjá. Kluun heldur því fram að bókin sé sjálfsævisöguleg og metsala var þar með tryggð í heimalandi hans.

Djúp ást aðalpersónanna Carmenar og Stijns nær yfir gröf og dauða. Æðruleysi Carmenar og kímni gáfa gera henni kleift að lifa með ótryggð eiginmannsins og horfast í augu við kvalafullan dauða. Smátt og smátt breytist í hún í dýrðling en hann í djöful. Stijn er efnishyggju- og lífsnautnamaður sem þekkir vináttu aðeins úr fjölmiðlum og meðan Carmen hvílist eftir lyfjagjöf og geislameðferð, getur hann ekki stillt sig um að svala kynlífsfíkn sinni. En persóna hans er þannig úr garði gerð að bæði er hægt að hata þennan saurlífissegg af öllu hjarta og að skilja hann að vissu marki – jafnvel hafa örlitla samúð með honum.

Stijn er einlægur og bersögull sögumaður sem reynir ekki að fela galla sína og mistök. Né heldur dregur hann undan í lýsingum á því hvernig miskunnarlaus sjúkdómurinn og lyfin gegn honum éta upp líkama Carmenar og draga úr henni máttinn. Fallega konan hans þjáist og gubbar í fötu, kúkar gráum kúk og pissar á sig. Hann skeinir og huggar og gefur henni haldlítið loforð um að halda ekki framhjá meðan hún tórir. Hjákona Stijns, Roos sem er „sálfræðingur hans og kynlífsmaskína“, þjáist líka. Hún fær ekkert nema stopular stundir í rúminu með Stijn en þeim mun meira af örvæntingu, bið og vonbrigðum.

Jóna Dóra Óskarsdóttir þýddi, sennilega úr frummáli en þess er ekki sérstaklega getið (enska þýðingin heitir Love Life og Stijn nefnist þar Danny). Stíllinn er ungæðislegur og í textanum ægir öllu saman; tölvupósti, sms, upplýsingum um skemmtistaði í Amsterdam og myndmáli úr fótboltaleikjum. Hver kafli hefst á tilvitnun í dægurlagatexta og bíómyndir, sem útskýrð er á saurblaði sem „skrýni“, þ.e. texti sem færður er inn í annan texta til að styðja hann eða spegla. Þýðanda tekst vel að koma þeim áfram óþjöguðum og þær eru mjög viðeigandi á einhvern „stijnskan“ hátt. Hollensk nútímaborgarmynd kemst vel til lesenda og samtöl eru á eðlilegu talmáli. Kona fer til læknis er sorgleg og áhrifamikil ástarsaga þar sem fengist er við hverfuleikann, gildishrun tilfinninganna, gjaldprot hjónabandsins og afleiðingar klámvæðingarinnar.